# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

## MYNL2TA05 - Anatómía

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Bragi Einarsson – bragi.einarsson@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Viðtalstími kennara: Mánudagar 10:20-11:00 | |
| **Námsefni** | Efni frá kennara - Bækur í skólastofu.<br>Viðarkol – Rauðkrít/þurrpastel – blýantar 4B, 6B, A4 skissubók | |
| **Áfangalýsing** | Markmið áfangans er alhliða teikniþjálfun með áherslu á fríhendisteikningu og að efla sjónskilning og sjónminni. Nemendur teikna eftir lifandi fyrirmyndum og beinagrind. Lögð er áhersla á að þeir tileinki sér grundvallaratriði í hlutfallaskiptingu mannslíkamans og noti hjálpargögn til að bera saman stærðarhlutföll, hreyfingu og stöðu. Þeir þjálfast í skissuvinnu, hraðteikningu og hugmyndavinnu t.d. með teikningu kvikmyndasena (storyboard) og skapandi skrifum. Markmiðið er að nemendur nái valdi á teikningu allt frá einföldum teikningum til flóknari úrlausna og rannsaki gildi og tjáningarmöguleika tækninnar með fjölbreyttum verkfærum og teikningu á manngerðum hlutum, náttúruformum og umhverfi. Unnið er með grafískar aðferðir, gagnsæishugsun og formgreiningu, mótun og efnisáferð með blæbrigðaríkri skyggingu. Nemendur eru þjálfaðir í að leggja mat á vinnu sína og annarra. Krafist verður sjálfstæðrar rannsóknarvinnu af nemendum í formi reglulegra skila á skissuvinnu, ferilbók sem tengist viðfangsefninu og þátttöku í umræðum. | |

| | |
|---|---|
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Verkefni lögð fyrir nemendur og hafa þau viku til að klára hvert verkefni og skila í lok vikunnar til yfirferðar og mats. Hluti námsmats er skissubókaskil og vinna í henni heima.<br>Námsmat á verkefnum miðast við að öllum verkefnum/teikningum sé skilað og er tekið með í námsmati, áhugi, skilningur og framför nemanda.<br>Námsmat á skissubók miðast við 28 síður lágmark, 2 síður á viku. |
| | **Símatsáfangi** ☒ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☐ |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Tímaverkefni | 50% |
| Skissubók | 40% |
| Virkni | 10% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | **Skilyrði til að ljúka áfanganum :**<br>Þetta er prófllaus símatsáfangi en það þýðir að nemandi klári öll verkefnin í vinnumöppu og skissubók frá kennara sem lögð eru fyrir og skili á réttum tíma. - Nemandi fær áminningu ef hann hefur verið fjarverandi tvisvar. Áskilinn er réttur til að bregða út af áætlun ef þörf krefur. |

| **Þekking** | **Leikni** |
|---|---|
| Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• gildi og tjáningarmöguleikum teikningar<br>• grundvallaratriðum hlutfallaskiptingar mannslíkamans<br>• gildi stöðugrar ástundunar og þjálfunar í teikningu<br>• hlutverki og möguleikum teikningar í sjónlistum | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• teikna mannslíkamann, skissur, form og hluti<br>• beita blýanti til að ná fram fjölbreytileika í línu og skyggingu<br>• vinna sjálfstæða rannsóknarvinnu tengda myndlist |

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- tjá sig á myndrænan og skapandi hátt með eigin hugmyndir
- kynna hugmynd sína og rökstyðja gildi hennar munnlega og skriflega
- leita upplýsinga og byggja upp þekkingargrunn

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Undirbúningur f. tíma** | 16 vikur x 4 tímar x 20 mín | 21 klst. |
| **Skissubók** | 20 klst. | 20 klst. |
| **Alls** | | **105 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>18. - 25. ágúst | Kynning kennsluáætlana, áhersla lögð á mætingar og góða viðveru.<br>**Beinagrind hlið** - | Skissubók 2 síður |
| **2. vika**<br>28. ágúst - 1. september | Beinagrind framan, skissuæfingar, lært á reglur | Skissubók 2 síður |
| **3. vika**<br>4. - 8. september | **Hauskúpa hlið** – Myndband - lært á formúlu og nemendur læra að teikna hauskúpu frá hlið. Skissuvinna | Skissubók 2 síður |
| **4. vika**<br>11. - 15. september | **Hauskúpa að framan** - Myndband skoðað og nemendur læra á formúluna. Skissuvinna | Skissubók 2 síður |
| **5. vika**<br>18. - 22. september | **Viðbein, öxl og rifbein,** lögð er áhersla á viðbein og tenginguna við öxl, rifbein og brjóstkassa. Skissuvinna. | Skissubók 2 síður |
| **6. vika**<br>25. - 29. september | **Brjóstkassi** | Skissubók 2 síður |
| **7. vika**<br>2. - 6. október | **Mjaðmagrind framan** | Skissubók 2 síður |
| **8. vika**<br>9. - 13. október | **Mjaðmagrind á hlið** | Skissubók 2 síður |
| **9. vika**<br>16. - 20. október<br>*Vetrarleyfi* | **Vöðvar, handleggur.** | Skissubók 2 síður |
| **10. vika**<br>23. - 27. október<br>*Miðannarmat* | **Vöðvar, lærleggur** | Skissubók 2 síður |
| **11. vika**<br>30. október - 3. nóvember | **Vöðvar, bak** | Skissubók 2 síður |
| **12. vika**<br>6. - 10. nóvember | **Vöðvar, framan** | Skissubók 2 síður |
| **13. vika**<br>13. - 17. nóvember | **Lokavinna, mannslíkaminn heill.**<br>**Frjálst val nemanda** | Skissubók 2 síður |
| **14. vika**<br>20. - 24. nóvember | | Skissubók 28 síður samtals – LÁGMARK! |
| **15. vika**<br>27. nóvember- 1. desember | **Lokavinna** Skil á verkefnum og skil á skissubók | |
| **16. vika**<br>4. - 7. desember | **Frágangur og námsmat** | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

***Bragi Einarsson***